

September 2021



Vinátta og vaxtarbroddar

Samskipti Íslands og Póllands

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið



Útgefandi:

Utanríkisráðuneytið

September 2021

utn@utn.is

www.utn.is

Forsíðumynd: Golli

Efnisyfirlit

Formáli formanns starfshóps	4
Starfshópurinn	5
1. Inngangur	6
2. Samskipti Íslands og Póllands í sögulegu ljósi	8
2.1 Utanríkisstefna Póllands.....	9
3. Yfirlit um tvíhliða samskipti	11
3.1 Fyrirsvar	11
3.2 Tvíhliða samskipti Íslands og Póllands.....	11
3.2.1 Varnar- og öryggismál	11
3.2.2 Mannréttindi	12
4. Viðskipti Íslands og Póllands	14
4.1 Starfsemi íslenskra fyrirtækja í Póllandi	16
4.1.1 Ferðaþjónusta	17
4.1.2 Fiskveiðar og sjávarútvegur.....	17
5. Önnur samskipti	19
5.1 Menning- og menntamál	20
5.2 Uppbyggingarsjóður EES og Pólland	22
5.3 Áhrif heimsfaraldursins	23
6. Tillögur um aðgerðir	25
6.1 Tillögur til að festa betur í sessi stjórnálag samband Íslands og Póllands og tvíhliða samskipti ríkjanna	25
6.2 Tillögur til að auka samskipti ríkjanna.....	26
VIÐAUKI I	30
VIÐAUKI II	31
VIÐAUKI III	33

Myndaskrá

Mynd 1 <i>Starfshópurinn: Janus Arn Guðmundsson, Gréta Ingbórsdóttir, Grazyna María Okuniewska, formaður, ásamt Guðlaugi Þór Þórðarsyni utanríkis- og þróunarsmivinnuráðherra</i>	5
Mynd 2: <i>Búferlaflutningar á milli Íslands og Póllands</i> (Heimild: Hagstofa Íslands).....	7
Mynd 3: <i>Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og Gerard Pokruszyński, sendiherra Póllands, heimsóttu ásamt föruneysi pólsku flugsveitina á Keflavíkurflugvelli í september 2021</i> (Ljósmynd: Pólski flugherinn).....	12
Mynd 4: <i>Vöru- og þjónustuviðskipti Íslands við Pólland (m.kr.)</i> (Heimild: Hagstofa Íslands).....	14
Mynd 5: <i>Viðskiptajöfnuður 2010-2020 (m. kr.)</i> (Heimild: Hagstofa Íslands).....	15
Mynd 6: <i>Farþegar um Keflavíkurflugvöll með pólskt ríkisfang 2007-2019</i> (Heimild: Ferðamálastofa).....	17
Mynd 7: <i>Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson við stjórnvölinn á hafrannsóknarskipi Gdańsk háskóla</i> (Ljósmynd: Wojtek Figurski).....	18
Mynd 8: <i>Jacek Czaputowicz, þáverandi utanríkisráðherra Póllands, og Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra á fundi í Hörpu 2019</i>	20
Mynd 9: <i>Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Dariusz Piontkowski menntamálaráðherra Póllands við undirritun viljayfirlýsingar um frekara menntasamstarf landanna</i>	22

Formáli formanns starfshóps

Skýrsla þessi er niðurstaða starfshóps um eflingu samskipta Íslands og Póllands sem Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra skipaði haustið 2019. Tvíhliða samskipti þjóðanna eiga sér langa sögu, bæði á milli einstaklinga og á opinberum vettvangi. Stiklað er á stóru í þeirri sögu í inngangsköflum skýrslunnar. Það er kunnara en frá þurfi að segja að þessi samskipti hafa aukist mikið á umliðnum árum. Fyrir um þrjátíu árum voru varla fleiri en 500 Pólverjar búsettir á Íslandi, langflestir tímabundið. Þorri þeirra kom hingað í atvinnuleit, ekki síst á sviði iðnaðar og verklegra framkvæmda. Þessi hópur lagaði sig vel að íslensku samfélagi og lærði tungumálið, margir stofnuðu heimili og fjölskyldur og settust að til frambúðar. Mikið vatn hefur síðan runnið til sjávar. Í dag búa rúmlega tuttugu þúsund manns á Íslandi sem fæddust í Póllandi og þriðja kynslóð pólskra innflytjenda vex og dafnar.

Áhrif þessara einstaklinga á íslenskt samfélag eru augljós og mikil. Líkt og aðrir Íslendingar taka þeir virkan þátt í samfélaginu, bæði í leik og starfi. Hér hafa þeir komið sér fyrir, starfað, gengið menntavegin, stofnað fjölskyldur, rekið fyrirtæki og sett svip sinn á menningarstarf og stjórnmal, bæði á sveitarstjórnarstigi og á landsvísu.

Þróun undanfarinna áratuga kallar á aukin og skipulögð viðbrögð frá utanríkisþjónustunni. Veruleg tækifæri eru til að auka samskipti þjóðanna enn frekar í þágu þeirra beggja. Nú þegar íslenska þjóðin hefur kynnst þeirri pólsku jafn vel og raun ber vitni er lag að grípa þau tækifæri sem bjóðast á sviði menningar-, stjórnála- og efnahagssamstarfs. Pólland er stórt efnahagssvæði innan innri markaðarins, þar er mikil framleiðslugeta, stór neytendamarkaður og hagstætt verðlag. Ísland hefur margt fram að færa í þessum efnum. Í fljótu bragði mætti hér nefna þekkingu og reynslu Íslendinga á sviði sjálfbærrar orku, sjávarútvegs, ferðaþjónustu, umhverfismála og mennta- og menningarmála. Báðar þjóðirnar eiga ríka menningarsögu, setja menntakerfi í öndvegi og reka öflugra háskóla.

Með þessari skýrslu vonumst við til að hafa lagt ákveðinn grundvöll fyrir íslensk stjórnvöld til að kortleggja hvernig þróa megi framtíðarsamskipti Íslands og Póllands enn frekar. Skýrslan spannar vítt svið en meginverkefnið var að draga upp mynd af samskiptum þjóðanna og gera tillögur að því hvernig efla megi þau á forsendum beggja á komandi árum. Ég þakka öllum þeim sem lögðu starfshópnum lið, komu á fundi hans eða svöruðu fyrirspurnum um ýmislegt sem varðaði efni og inntak skýrslunnar. Þá þakka ég einnig fulltrúum í starfshópnum fyrir vel unnin störf, þeim Grétu Ingbórsdóttur og Janusi Arn Guðmundssyni. Að lokum þakka ég starfsmanni hópsins, William Frey Huntingdon-Williams, sérfræðingi hjá utanríkisráðuneytinu, fyrir starf hans og liðlegheit.

Grazyna María Okuniewska, formaður

Starfshópurinn

Eftirfarandi voru skipaðir fulltrúar í starfshópinn:

- Grazyna María Okuniewska, formaður
- Gréta Ingbórsdóttir
- Janus Arn Guðmundsson

William Freyr Huntingdon-Williams, sérfræðingur á viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins var starfsmaður hópsins. Þóknun fyrir störf í hópnum fer eftir ákvörðun þóknananefndar en starfsmenn stjórnarráðsins þiggja ekki sérstakar greiðslur fyrir störf sín í starfshópnum.

Starfshópurinn kom formlega saman í tíu skipti. Á þeim fundum tók hópurinn til dæmis á móti gestum sem boðið var að ræða tiltekin atriði varðandi samskipti ríkjanna. Aðallega var um að ræða starfsfólk utanríkisþjónustunnar sem starfar á sviði tvíhliðasamskipta, starfar í sendiráði Íslands í Berlín eða kemur að Uppbyggingarsjóði EES. Þá var ýmsum stofnunum og félagasamtökum boðið að koma á framfæri athugasemdum og tillögum sem starfshópurinn vann úr. Jafnframt fundaði starfshópurinn með Gerard Slawomir Pokruszyński, sendiherra Póllands á Íslandi. Þá voru formaður starfshópsins og starfsmaður hans viðstaddir stofnfund Pólsk-Íslenska viðskiptaráðsins í nóvember 2019 í húsakynnum pólska sendiráðsins.



Mynd 1 Starfshópurinn: Janus Arn Guðmundsson, Gréta Ingbórsdóttir, Grazyna María Okuniewska, formaður, ásamt Guðlaugi Þór Þórðarsyni utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra.

1. Inngangur

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra ákvað með skipunarbréfum 19. september 2019 að skipa starfshóp um eflingu samskipta Íslands og Póllands. Í skipunarbréfunum kemur fram að hópnum sé ætlað að greina tvíhliða samskipti ríkjanna á heildstæðan hátt og jafnframt að leggja til aðgerðir sem hægt væri að framkvæma á næstu árum til að standa vörð um hagsmunum Íslands gagnvart Póllandi.

Pólitísk, efnahagsleg og menningarleg samskipti Íslands og Póllands hafa aukist verulega á undanförunum árum og Pólverjar eru langfjölmennasti hópur útlendinga með búsetu á Íslandi. Þessi mikla og hraða efling tvíhliða samskipta þjóðanna endurspeglar bæði í ákvörðun pólskra stjórnvalda um stofnun sendiráðs í Reykjavík í stað aðalræðismannsskrifstofu og umræðu innan utanríkisþjónustunnar og íslensks atvinnulífs um nauðsyn opunar íslenskrar sendiskrifstofu í Varsjá.


Þrátt fyrir ólíkar aðstæður á Íslandi og í Póllandi og ólíkar áherslur stjórnvalda í ríkjunum í ýmsum málum, fara hagsmunir þeirra saman í mörgu á alþjóðavettvangi. Stærð og landfræðileg lega Póllands veldur því að landið gegnir lykilhlutverki innan Evrópusambandsins og Atlantshafsbandalagsins.

Samkvæmt Hagstofu Íslands voru um 21 þúsund Pólverjar búsettir á Íslandi í ársbyrjun 2020. Undanfarin ár hafa að meðaltali 240 Pólverjar á ári öðlast íslenskan ríkisborgararétt en þar af er þó nokkur fjöldi sem er fæddur og uppalinn á Íslandi. Samkvæmt tölum frá útlendingastofnun Póllands (p. Urząd do Spraw Cudzoziemców) eru eingöngu 53 Íslendingar búsettir í Póllandi.

Að því er fram kemur í upplýsingum Hagstofunnar um búferlaflutninga á milli landa fluttust rúmlega 36 þúsund manns frá Póllandi til Íslands á árunum 2005-2019. Ljóst er að stór hluti þessa hóps hefur aðlagast aðstæðum vel og sest að á Íslandi til frambúðar. Á þessu sama tímabili hafa rúmlega 18 þúsund einstaklingar flutt frá Íslandi til Póllands. Út frá upplýsingum um fjölda Íslendinga í Póllandi má álykta að hér sé fyrst og fremst um pólska borgara að ræða sem höfðu verið búsettir á Íslandi um lengri eða skemmri tíma.

Vaxandi samskipti Íslendinga og Pólverja og greiðari samgöngur hafa leitt til aukinna viðskipta- og menningartengsla. Í þessu felast sóknarfæri fyrir íslensk útflutningsfyrirtæki í Póllandi, til viðbótar við þau tækifæri sem felast í aukinni efnahagslegri velsæld í landinu og vaxandi þjóðarframleiðslu sem hefur um árabil verið með því mesta sem gerist í Evrópu. Hagvöxtur í Póllandi nam 4,5% árið 2019 og bendir flest til að landið hafi staðist þá efnahagslegu áraun sem fylgt hefur heimsfaraldrinum einna best af aðildarríkjum ESB. Þá er Pólland til að mynda sífellt mikilvægari útflutningsmarkaður fyrir Danmörku og einn af þeim mörkuðum sem Danir stefna að því leggja hvað mesta áherslu á þegar heimsfaraldrinum lýkur.

Heildarvöruviðskipti Íslands og Póllands námu tæpum 37 milljörðum íslenskra króna árið 2020. Þá námu heildarþjónustuviðskipti landanna árið 2019 tæpum 15 milljörðum íslenskra króna.¹



Mynd 2: *Búferlaflutningar á milli Íslands og Póllands* (Heimild: Hagstofa Íslands).

Í þessari skýrslu verður á heildstæðan hátt gerð grein fyrir tvíhliða samskiptum Íslands og Póllands og á þeim grundvelli lagt mat á hvernig best sé að standa vörð um íslenska hagsmuni gagnvart Póllandi. Starfshópurinn leggur til að utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra taki til athugunar ellefu tillögur sem annars vegar lúta að því að festa enn frekar í sessi tvíhliða stjórn málasamband Íslands og Póllands og hins vegar að almennum aðgerðum sem hafa það að markmiði að auka samskipti ríkjanna.

¹ Nánari útlitun á viðskiptum ríkjanna er í viðauka.

2. Samskipti Íslands og Póllands í sögulegu ljósi

Elstu heimildir um samskipti Íslands og Póllands er að finna í ferðasögu tékkneska munkins Daniel Streic-Vetterus. Ferðasaga hans, *Islandia, álbo Krotkie opisanie Wyspy Islandij*, var gefin út á pólsku árið 1638 og fjallar um ferðalag hans til Íslands árið 1613. Á 19. öld kom pólski rithöfundurinn Edmund Chojecki til Íslands sem fulltrúi Napóleons III, verðandi Frakklandskeisara. Chojecki gaf út ferðasögu sína á frönsku árið 1857 en rit hans, *Voyage dans les mers du nord à bord de la corvette la Reine Hortense*, lýsir meðal annars ferðalagi hans hingað til lands.

Á 19. öldinni varð sífellt algengara að greina frá landsháttum, sögu og fréttum frá öðrum löndum í tímaritum og bókum, almenningi til fróðleiks, þar á meðal á Íslandi. Í fjórða árgangi *Fjöltnis* frá 1838 var heiti Póllands þýtt í anda málhreinunar- og nýyrðaáhuga Fjöltnismanna sem Sléttumannaland. Þá má benda á umfjöllun blaðsins *Norðurfara* frá árinu 1849 þar sem fluttar voru fréttir af pólska hershöfðingjanum Hinrik Dembinsky og baráttu hans fyrir frelsi og sjálfstæði Póllands.

Opinber samskipti á milli Íslands og Póllands hófust af alvöru með vöru- og skipasiglingarsamningi sem undirritaður var í Varsjá 13. ágúst 1924. Árið 1945 viðurkenndu íslensk stjórnvöld formlega pólsku bráðabirgðastjórnina (p. Tymczasowy Rząd Jedności Narodowej) og var stofnað til diplómátískra samskipta í janúar 1946. Árið 1956 settu pólsk stjórnvöld á fót aðalsræðisskrifstofu í Reykjavík sem var starfrækt til ársins 1981.

Með aðild Póllands að ESB jukust tengsl Ísland og Póllands til muna. Pólverjar gátu þá nýtt sér reglur Evrópuréttar um frjálsa för og komu til starfa á Íslandi um lengri eða skemmri tíma. Pólland öðlaðist þá einnig rétt til fjármögnunar úr Uppbyggingarsjóði EES, sem Ísland greiðir til, ásamt Noregi og Liechtenstein. Fjöldamörg samstarfsverkefni hafa orðið til á ýmsum sviðum á undanförunum árum vegna fjármögnunar frá sjóðnum og má gera ráð fyrir að svo verði áfram næstu ár.

Frá 1994 til 2011 var starfrækt aðalræðisskrifstofa í Gdansk en þá lét kjörræðismaður Íslands af störfum vegna aldurs. Skipun nýs kjörræðismanns í Gdansk er í undirbúningi.

Árið 2008 opnaði Pólland á ný aðalræðisskrifstofu í Reykjavík en sendiherra gagnvart Íslandi hafði aðsetur í Ósló. Ljóst má vera að efnahagshrunið og sá mikli fjöldi pólskra ríkisborgara sem búsettur var á Íslandi á þeim tíma hafi vegið þungt í þessari ákvörðun. Árið 2013 var aðalræðisskrifstofan endurskipulögð sem sendiráð. Sendiherra með aðsetur á Íslandi var skipaður fimm árum síðar.

Í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 var Pólland á meðal fyrstu ríkja sem buðu Íslandi fjárhagsaðstoð en hún nam 200 milljónum bandaríkjadala. Á þessum tíma stóð gjaldeyrisforði þjóðarinnar tæpt auk þess sem öll spjót stóðu á íslenskum stjórnvöldum á alþjóðavettvangi. Þetta vinarbragð Pólverja kom því á mikilvægu augnabliki greiddi, ásamt lánsloforði frá Færeyjum sem borist hafði nokkrum dögum fyrr, fyrir afgreiðslu frekari lánsfjármögnunar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Fyrirgreiðslan fól í sér að Ísland fengi lán að fjárhæð 630 milljónir pólskra slota í tólf ár, í þremur lotum, með þeim fyrirvara að afkomuskýrslur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins væru jákvæðar. Ísland nýtti sér þessa fjárhæð til þess að kaupa pólsk ríkisskuldabréf útgefin af pólska fjármálaráðuneytinu. Uppgjör lánsins fór fram hinn 27. maí 2015 þegar þáverandi fjármálaráðherra Póllands, Mateusz Szczurek, var í opinberri heimsókn á Íslandi.

Pólsk-íslenska viðskiptaráðið var formlega stofnað í nóvember 2019. Stofnfundurinn fór fram í húsakynnum pólska sendiráðsins að viðstöddum fulltrúum beggja ríkja, viðskiptaráðum Póllands og Íslands, fulltrúum atvinnulífsins og utanríkisráðuneytisins.

2.1 Utanríkisstefna Póllands

Saga Póllands setur mjög svip sinn á umræður um utanríkismál í Póllandi. Þar má nefna uppskiptingu landsins milli Rússa, Prússa og Austurríkismanna frá 1795-1918, hernám Þjóðverja í síðari heimsstyrjöldinni og tæplega hálfra aldar valdatíð kommúnista undir áhrifum Sovétríkjanna. Aðild Póllands að ESB og Atlantshafsbandalaginu hefur veitt Póllandi mikið öryggi og styrkt stöðu þess gagnvart völdugum nágrönnum, einkum Þýskalandi og Rússlandi. Í aðildinni að ESB felst einnig aðgangur að stærstu mörkuðum álfunnar og mikill stuðningur úr styrkjakerfi sambandsins sem ýtt hefur undir víðtækar breytingar á efnahagskerfi landsins. Efnahagsþróun Póllands hefur verið hröð á síðustu áratugum og þrátt fyrir fjármálahrunið árið 2008 hélt hagkerfi landsins áfram að vaxa. Þessi þróun hefur þó aðallega bætt hag þeirra sem búa í þéttbýli. Í kjölfar ESB-aðildarinnar hafa milljónir Pólverja flutt til annarra aðildarríkja til að starfa þar, meðal annars Bretlands, Þýskalands, Frakklands og Hollands. Í samhengi öryggismála hefur framganga Rússa í Úkraínu, sem Pólverjar tengjast nánnum böndum, og hótanir þeirra í garð nágranna Pólverja í Eystrasaltsríkjunum, vakið ugg.

Við sigur stjórnarflokksins Laga og réttar (p. Prawo i Sprawiedliwość, PiS) í kosningunum árið 2015 var fest í sessi sú stefna flokksins að Pólverjar skyldu sýna meira sjálfstæði gagnvart Þýskalandi, mæta Rússum af meiri einurð og sporna við félagslegum og menningarlegum straumum og stefnum sem fylgdu nánú samstarfi við Vesturlönd. Stjórnvöld í Varsjá hafa séð sig knúin til að auka samstarf við Þýskaland að nýju en sterk tengsl eru á milli landanna. Tengslin við Rússland eru flókin og eru á köflum stíð, sérstaklega í kjölfar aðildar Póllands að ESB og Atlantshafsbandalaginu á sínum tíma og vegna tengsla Póllands við fyrrum lýðveldi Sovétríkjanna.

Þegar ríkisstjórn Laga og réttar komst til valda skipaði Pólland sér strax í flokk með þeim aðildarríkjum ESB sem staðið hafa gegn frekari miðstýringu sambandsins og vilja sjá aukið vald fært til aðildarríkjanna. ESB hefur gagnrýnt pólsk stjórnvöld fyrir að þrengja að réttarríkinu, stjórnarskránni og frelsi fjölmiðla. Gagnrýnin leiddi haustið 2020 til tímabundinnar pattstöðu milli Póllands og Ungverjalands og stofnana ESB þegar tvö fyrrnefndu ríkin hótuðu að hindra samþykkt fjárlaga sambandsins til sjö ára og aðgerðaáætlun þess gegn kórónuveirufaraldrinum færi svo að fjárveitingar yrðu háðar skilyrðum um virðingu fyrir réttarríkinu.

Pólland telst ásamt Tékklandi, Ungverjalandi og Slóvakíu til Visegrad-ríkjanna fjögurra sem eiga í samstarfi um menningar-, efnahags-, orku- og öryggismál. Pólland er einnig hluti af „Three Seas Initiative“, vettvangi tólf ESB-ríkja í mið- og austurhluta Evrópu sem hefur að markmiði að efla samstarf landa við Adríahaf, Eystrasalt og Svartahaf. Pólland tekur einnig þátt í 17+1 samstarfi Kína og 17 ríkja um uppbyggingu og fjárfestingu í innviðum sem kennt er við belt og braut (e. Belt and Road Initiative) en pólsk stjórnvöld hafa lýst vonbrigðum með það vegna þess að fjárfestingar hafa ekki gengið eftir.²

² Í viðauka I má sjá yfirlit yfir helstu alþjóðastofnanir og samtök sem Pólland er aðili að sem og helstu alþjóðasamninga.

3. Yfirlit um tvíhliða samskipti

3.1 Fyrirsvar

Fyrirsvar Íslands gagnvart Póllandi er hjá sendiráði Íslands í Berlín og hefur María Erla Marelsdóttir gegnt embætti sendiherra gagnvart Póllandi frá 26. febrúar 2020.

Tveir kjörræðismenn Íslands starfa í Póllandi, Janusz Kahl (2012) sem fer fyrir kjörræðisskrifstofu í Kraká og Boguslaw Szemioth (2013) sem fer fyrir kjörræðisskrifstofu í Varsjá. Skipun kjörræðismanns í Gdansk er í undirbúningi.

Fyrirsvar Póllands gagnvart Íslandi er hjá sendiráði Póllands í Reykjavík en það var áður aðalræðisskrifstofa. Árið 2018 tók Gerard Slawomir Pokruszyński við stöðu sendiherra hér á landi.

3.2 Tvíhliða samskipti Íslands og Póllands

Pólland er stærsta viðskiptaríki Íslands á meðal nýrra Evrópusambandsríkja, þ.e.a.s. í kjölfar stækkunar sambandsins til austurs á síðustu áratugum, og því afar mikilvægt samstarfsríki innan innri markaðar Evrópusambandsins (ESB) og Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Efnahagur landsins hefur vaxið einna mest af ríkjum ESB á síðustu árum og með tilkomu sendiráðs Póllands á Íslandi hafa samskiptin aukist til muna. Þá hefur fjöldi pólskra ríkisborgara sem búsettir eru á Íslandi tvöfaldast á aðeins sex árum. Þeir voru rúmlega tíu þúsund árið 2014 en tæplega 21 þúsund árið 2020. Þá er ótalinn sá hópur sem flust hefur til baka til Póllands og hefur sterka tengingu við Ísland.

3.2.1 Varnar- og öryggismál

Pólland hefur verið aðili að Atlantshafsbandalaginu frá 1999. Á rúmlega tveimur áratugum hefur Pólland orðið mikilvægur hlekkur innan bandalagsins, með skýra sýn og einbeittan vilja til þess að auka enn þátttöku sína og ábyrgð. Mikilvægi Póllands innan Atlantshafsbandalagsins er óumdeilt og það býr að sterkum tengslum við önnur ríki Austur-Evrópu, ekki síst Úkraínu og Belarús, sem hafa nýst vel á síðari árum.

Pólland hefur aukið framlög sín til varnarmála og færð herafra sinn til nútímans endurbótum á búnaði. Fjölgað hefur verið í hernum og varalið sett á stofn. Önnur norræn ríki, s.s. Noregur og Finnland, hafa átt í auknum samskiptum við Pólland á sviði varnarmála. Hvað Ísland varðar er vert að nefna að pólsk flugsveit sinni loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins hér við land í ágúst og september 2021 og var það í fyrsta sinn sem Pólland tók þetta verkefni að sér.



Mynd 3: Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og Gerard Pokruszyński, sendiherra Póllands, heimsóttu ásamt föruneyti pólsku flugsveitina á Keflavíkflugvelli í september 2021 (Ljósmynd: Pólski flugherinn).

Pólland er líkt og Ísland á jaðri Schengen-svæðisins og ber því töluverða ábyrgð þegar kemur að Schengen-samstarfinu og landamæravörslu fyrir svæðið allt. Vegna legu landsins á jaðri bæði ESB og Atlantshafsbandalagsins til austurs hefur hlutverk og ábyrgð Póllands í þessum efnum aukist til muna á síðari árum. Pólland skapar einnig kjölfestu og hefur náin tengsl við Eystrasaltsríkin, en varnir þeirra eru einn flóknasti þáttur sameiginlegs öryggisviðbúnaðar bandalagsins.

3.2.2 Mannréttindi

Mannréttindi eru einn af hornsteinum utanríkisstefnu Íslands. Ísland beitir sér markvisst fyrir vernd og eflingu mannréttinda í heiminum og þeim grundvallarviðmiðum sem alþjóðlegt mannréttindastarf byggist á.

Núverandi ríkisstjórn Póllands hefur legið undir ámæli fyrir að virða ekki mannréttindi og ganga gegn grunngildum réttarríkisins, meðal annars með því að takmarka sjálfstæði dómstóla í landinu. Þá hefur verið þrengt að starfsemi óháðra og frjálsra félagasamtaka sem tala máli hælisleitenda, hinsegin fólks, kvenna, mannréttinda, náttúrverndar og fjölmiðla – í stuttu máli sagt allra frjálsra félagasamtaka sem hafa rödd óháða stjórnvöldum.

Pólsk stjórnvöld hafa til dæmis verið gagnrýnd harðlega fyrir yfirlýsingar um að ætla segja sig frá Ístanbúl-samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi. Þá hefur lagasetning ríkisstjórnarinnar í kjölfar úrskurðar stjórnlagadómstóls í október 2020 um að þungunarrof vegna fósturgalla brjóti í bága við pólsku stjórnarskrána vakið hörð viðbrögð. Efnt var

til fjöldamótmæla um allt landið vikum saman þar sem ákvörðunin var gagnrýnd og hún sögð tilraun til að þrengja mjög að kvenfrelsi og mannréttindum. Ríkisstjórnin hefur sömuleiðis verið sökuð um aðför að fjölmiðlafrelsi vegna fyrirhugaðrar skattlagningar á auglýsingatekjur einkarekinna fjölmiðla. Í því samhengi má benda á að Pólland hefur á undanförunum fimm árum fallið úr 18. sæti niður í 62. sæti á árlegum fjölmiðlafrelsislista samtaka Blaðamanna án landamæra (Reporters Sans Frontières). Þá hafa fjölmörg sveitarfélög landsins lýst sig laus við „hinsegin hugmyndafræði“ og hafa þannig stuðlað að jaðarsetningu hinsegin fólks.

Ísland hefur nú þegar beitt sér á sviði mannréttindamála í Póllandi. Ísland hefur með öðrum framlagaríkjum í Uppbyggingarsjóði EES afturkallað styrki til sveitarfélaga sem lýst hafa sig laus við „hinsegin hugmyndafræði“ með vísan til þess að slíkar yfirlýsingar gangi gegn grundvallarviðmiðum um mannréttindi sem Evrópusamstarfið hvílir á. Þá hafa framlagaríkin lagt þunga áherslu á að geta stutt beint við starfsemi frjálsra félagasamtaka í Póllandi, án aðkomu pólskra stjórnvalda. Á árunum 2019-2024 er gert ráð fyrir að samtals 57 milljónum evra verði varið úr Uppbyggingarsjóði EES til frjálsra félagasamtaka í Póllandi. Þessar fjárveitingar eru lífakkeri lýðræðislegra fjöldahreyfinga í landinu.


Ísland hefur einnig átt samtal um mannréttindi í Póllandi á vettvangi Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna.

Ísland og Pólland eru bæði aðilar að svæðisbundnu samstarfi á sviði Eystrasaltsráðsins. Þar fer fram efnislegt og faglegt samstarf aðildarríkja um fjölbreytt málefni á borð við barnavernd, baráttu gegn mansali, almannavarnir og sjálfbæra þróun, auk þess sem ráðið er vettvangur fyrir stjórnmalalegt samstarf. Í formennskutíð Íslands í ráðinu 2016-2017 var lögð sérstök áhersla á jafnrétti, lýðræði og börn til samræmis við þau störf sem Ísland hefur sinnt innan ráðsins og almennar áherslur í utanríkismálum.

Aukin samskipti milli Íslands og Póllands skapa tækifæri til þess að koma áfram á framfæri stefnu Íslands í mannréttindamálum og jafnréttismálum í víðum skilningi. Af hálfu Íslands þarf markvisst að leggja aukna áherslu á gildi mannréttinda og réttinda minnihlutahópa og mikilvægi jafnréttis óháð kynferði, kynhneigð eða hörundslit. Um leið þarf að minna á að samspil er á milli mannréttinda, sjálfbærrar þróunar, friðar og öryggis og að efling og verndun mannréttinda styðji við lýðræðisþróun og réttarríkið. Það er einnig mikilvægt að hafa í huga að öflugt réttarríki er nauðsynleg forsenda þess að þau réttindi sem EES-samningurinn kveður á um hafi efnislega þýðingu. Ef dómstólar eru ekki óháðir, hlutlausir eða faglega skipaðir í aðildarríki samningsins er ekki hægt að treysta því að íslenskir aðilar geti sótt þar rétt sinn eða varist.

4. Viðskipti Íslands og Póllands

Pólland er sjötta stærsta hagkerfi Evrópu og þar búa um 38 milljónir. Á undanförunum árum hefur pólskur efnahagur vaxið einna mest í Evrópu. Pólland komst í gegnum skuldakreppuna á evrusvæðinu án þess að hagkerfið drægist saman. Hagvöxtur í Póllandi nam 4,5%³ árið 2019 og efnahagur landsins hefur staðist höggð vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar betur en í flestum löndum Evrópusambandsins. Samkvæmt bráðabirgðatölum hagstofu ESB nam samdráttur landsframleiðslu Póllands árið 2020 2,7%, samanborið við samanlagðan 5,9% samdrátt aðildarríkja sambandsins yfir sama tímabil. Hagspá framkvæmdastjórnar ESB frá því í júlí 2021 gerir jafnframt ráð fyrir 4,8% vexti í landsframleiðslu Póllands árið 2021 og 5,2% 2022. Til marks um styrka efnahagsstöðu Póllands hyggjast Danir til að mynda leggja mikla áherslu á aukinn útflutning þangað þegar faraldrinum linnir, að því er segir í greiningu danska viðskiptaráðsins Dansk Erhverv.⁴ Viðskipti milli Íslands og Póllands⁵ hafa aukist mikið á síðastliðnum áratug, einkum á síðustu fimm til sex árum. Stærð pólska markaðsins og staða landsins á innri markaði ESB, almennur efnahagsvöxtur og aukin tengsl og samskipti milli þjóðanna gera Pólland að vænlegu markaðssvæði fyrir íslenskar vörur og þjónustu.




Mynd 4: Vöru- og þjónustuviðskipti Íslands við Pólland (m.kr.) (Heimild: Hagstofa Íslands).

³ World Bank, „GDP growth (annual %) – Poland“ (2021).

⁴ Dansk Erhverv, „Hvor ”sneeede” det for dansk eksport før corona, og hvor skal vi se hen efter corona?“, <https://www.danskerhverv.dk/siteassets/mediafolder/dokumenter/01-analyser/analysenotater-2020/dansk-eksport-for-og-efter-corona.pdf> (2020).

⁵ Sjá yfirlit yfir vöru- og þjónustuviðskipti í viðauka II

Stofnun Pólsk-íslenska viðskiptaráðsins 12. nóvember 2019 er staðfesting á mikilvægi viðskipta á milli Íslands og Póllands og áhuga viðskiptalífsins í báðum ríkjum á að efla og styrkja þau enn frekar. Pólland er stærsti markaður Íslands á meðal nýrra aðildarríkja ESB. Vægi Póllands innan Evrópumarkaðsins mun væntanlega aukast til muna nú þegar Bretland hefur sagt skilið við ESB. Viðskiptajöfnuður gagnvart Póllandi hefur verið neikvæður frá árinu 2013 og hallinn frekar aukist en hitt. Útflutningur til Póllands hefur sveiflast á liðnum árum. Að mestu er um sjávarafurðir að ræða en einnig ál, lyf og lyfjatækni, fiskigámar og framleiðslutækni fyrir matvæli og sjávarfang. Pólland hefur jafnframt verið leiðandi útflutningsmarkaður fyrir makríl og síld síðustu ár en einnig aðrar tegundir, þar á meðal kolmunna.



Mynd 5: Viðskiptajöfnuður 2010-2020 (m. kr.) (Heimild: Hagstofa Íslands).

Innflutningur frá Póllandi til Íslands er fjölbreyttur og samanstendur ekki síst af vörum fyrir byggingariðnað, landbúnað og varahlutum í skip, að ógleymsdu „þjóðarsælgætinu“ Prins póló.

Umtalsverð tækifæri eru til íslenskrar fjárfestingar í Póllandi, einkum á sviði jarðhita og orkumála, verkfræðiþjónustu, nýsköpunar, tækni og skapandi greina. Í Póllandi er óbeislaður jarðhiti sem býður upp á hugsanleg samstarfstækifæri. Enn fremur eru tækifæri fyrir verkfræðifyrirtæki til að koma að innviðauppbýggingu, m.a. á sviði umhverfis- og orkumála. Íslensk verkfræðifyrirtæki eins og EFLA og einnig pólska jarðhitasambandið sjá tækifæri til samstarfs í Póllandi, sérstaklega í svæðisbundnum hitaveituverkefnum og í samstarfi við sveitarfélög. Frekari þróun þessa geira gæti verið áhugaverður fyrir bæði lönd. Umhverfis- og orkuáætlun Uppbyggingarsjóðs EES fyrir yfirstandandi tímabil fram til 2024 nemur í heild um 280 milljónum evra ef allt er talið.

Farþega- og vöruflutningaskipið Herjólfur leysti af samnefnt eldra skip í siglingum til og frá Vestmanneyjum sumarið 2019. Skipið var smíðað í Crist S.A. skipasmíðastöðinni í Gdansk og nam sú fjárfesting þremur til fjórum milljörðum

Íslenskra króna. Ferjan er rafvædd og sérstaklega hönnuð með siglingar til Landeyjahafnar í huga og því er hún mikil samgöngubót. Nokkur skipa íslenska flotans hafa verið smíðuð eða farið í breytingar í Póllandi á undanförunum árum og áratugum.

4.1 Starfsemi íslenskra fyrirtækja í Póllandi

Pólland er traustur og áhugaverður markaður fyrir íslensk fyrirtæki og viðskiptahindranir fáar. Pólland er í 40. sæti á lista Alþjóðabankans árið 2020 yfir það hversu auðvelt er að stunda viðskipti og stofna og reka fyrirtæki. Í landaskýrslu Alþjóðabankans kemur fram að skriffinniska innan skattkerfisins og skráning fasteigna séu þær hindranir sem fyrirtæki verði oftast fyrir í Póllandi.

Íslensk fyrirtæki í Póllandi starfa að mestu á sviði sjávarútvegs. Meðal annars er um að ræða flutningafyrirtæki með sjávarafurðir, verkfræðistofur og þjónustufyrirtæki á sviði matvælavinnslu, og upplýsingatæknifyrirtæki. Samherji, Eimskip, Marel, EFLA og Verkís, reka meðal annars skrifstofur eða útibú í Póllandi eða eru hluthafar í samreknnum fyrirtækjum á pólska markaðnum.

Samherji vinnur að sjávarútvegstengdum verkefnum í gegnum dótturfélagið Atlantex og fyrirtækið Arctic Navigations í Gdynia er rekið í náninni samvinnu við Samherja. Í samvinnu við fyrirtækið Klossterboer (Holland) opnaði North Atlantic Producers Organization, sem er samband pólskra útvegsfyrirtækja sem njóta veiðihlunninda utan lögsögu Póllands, nýja kæligeymslu (e. coldstore) í Gdansk árið 2014 með 20 þúsund tonna geymslurými. Umfang verkefnisins nemur 15 milljónum evra en það var endurfjármagnað af ESB. Geymslan er vel staðsett í hjarta fiskframleiðslu Póllands við hlið gámahafnar danska flutningafyrirtækisins Maersk. Eimskip og Samherji, í gegnum Atlantex, njóta góðs af þessari nýju aðstöðu og láta vel af rekstrinum.

Nokkur íslensk sjávarútvegsfyrirtæki flytja út vörur til Póllands. Bæði er um beinan útflutning að ræða en hann fer einnig í gegnum um ýmis konar milliliði, svo sem skrifstofur í Þýskalandi og umboðsmenn í Póllandi. Nærtækt dæmi er Iceland Pelagic sem hefur umboðsaðila í Gdynia.


Marel, sem er leiðandi í framleiðslu matvinnsluvéla fyrir fisk og kjöt, er með skrifstofur í Varsjá og hefur útflutningur fyrirtækisins vaxið um sem nemur yfir 30 prósent á ári sl. ár en flestir viðskiptavinir fyrirtækisins starfa við kjötvinnslu (aðallega er um að ræða vinnslu á alifugli) og fiskiðnaði.

Verkfræðistofan EFLA og systurfyrirtæki hennar Ispol í Lodz, stunda viðskipti í Póllandi með áherslu á þekkingariðnað og þjónustu við rekstur háspennulína. EFLA og Ispol vinna að nokkrum slíkum verkefnum í suður- og austurluta landsins. Verkfræðistofan Verkís hefur skrifstofur í Lodz, en Mannvit stýrir verkefnum sínum í Miðaustur-Evrópu frá Ungverjalandi. GTN, tengt Mannviti í Þýskalandi, er með starfsemi í norðurhluta Póllands.

Eimskip opnaði skrifstofu í Gdynia í mars 2013. Og í desember 2016 hóf Samskip Logistics starfsemi í Gdansk.⁶

4.1.1 Ferðapjónusta

Pólverjar eru langfjölmennasti hópur innflytjenda á Íslandi, alls 20.515 einstaklingar, eða tæpur þriðjungur allra innflytjenda í árslok 2020. Pólskum ferðamönnum hefur fjölgað jafnt og þétt í takt við þann fjölda Pólverja sem býr hér og starfar, allt þar til heimsfaraldurinn setti strik í reikninginn. Alls fóru um 93 þúsund Pólverjar um Flugstöð Leifs Eiríkssonar (komufarþegar) árið 2019, og þeir voru í sjötta sæti af þeim þjóðum sem sækja Ísland heim. Ljóst má vera að þegar dregur úr áhrifum heimsfaraldursins þurfi átak á sviði ferðapjónustu ætli Ísland sér að ná fyrri stöðu. Flugfélagið Wizz Air hefur um árabil haldið uppi flugi til Íslands frá ýmsum áfangastöðum í Póllandi og það hefur haldist í gegnum allan heimsfaraldurinn. Komið hafa dagar þar sem beint flug til og frá Póllandi hefur verið eina flug dagsins til viðbótar við eitt flug Icelandair til Evrópu. Mikilvægt er að byggja enn frekar á þessum sterka grunni þegar aðstæður breytast og auka enn áhuga íslenskra ferðamanna á því að ferðast til Póllands.



Mynd 6: Farþegar um Keflavíkurlflugvöll með pólskt ríkisfang 2007-2019 (Heimild: Ferðamálastofa).

4.1.2 Fiskveiðar og sjávarútvegur

Tækifæri í fiskveiðum og sjávarútvegi felast annars vegar í útflutningi á íslensku hugviti þegar kemur að fiskveiðum og hins vegar framleiðslugetu í Póllandi, tækjabúnaði og skipum.

Strandlengja Póllands er 775 km að lengd, um 0,74 prósent af strandlengju Evrópu. Þótt fiskveiðar séu aðeins lítill hluti landsframleiðslu Póllands er

⁶ Sjá yfirlit yfir fyrirtæki og starfsemi í viðauka III.

sjávarútvegur mikilvæg atvinnugrein á sumum svæðum og hefur jákvæð áhrif á fjölbreytileika atvinnulífsins, sérstaklega á landsbyggðinni. Fiskiskipafloki Póllands er tvískiptur. Annars vegar er um að ræða Eystrasaltsflotann og hins vegar úthafsveiðiflotann sem er aðallega á hafsvæðum Norðaustur-Atlantshafsveiðinefndarinnar (NEAFC) í Norðursjó eða á hafsvæðum sem heyra undir Míritaníu, Angóla og Gíneu. Úthafsveiðifloki Póllands taldi 834 skráð skip árið 2017. Pólsk fiskiskip styttri en 12 metrar eru um 670 talsins. Flest skip eru eldri en 25 ára. Árið 2017 var heildarafla flotans um 204 þúsund tonn. Eystrasaltsflotinn veiðir aðallega þorsk, síld og brisling. Úthafsveiðiflotinn veiðir aðallega þorsk, ufsa, karfa, lúðu og makríl. Heildaraflinn hefur farið vaxandi á síðustu árum.



Mynd 7: Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson við stjórnvölinn á hafrannsóknarskipi Gdansk háskóla (Ljósmynd: Wojtek Figurski).

Ísland og Pólland hafa á síðustu árum rætt opinberlega um samstarf á sviði fiskveiða og sjávarútvegs. Sjávarútvegsráðherra Póllands fundaði með starfsbróður sínum á Íslandi árið 2016 og sjávarútvegsráðherra Íslands heimsótti Pólland árið 2018. Á báðum fundum var rætt um frekara samstarf. Pólverjar hafa lýst yfir áhuga á íslenskum vinnsluaðferðum og tækjabúnaði, sérstaklega með tilliti til bættrar heildarnýtingar afurða. Íslendingar hafa lengi sýnt pólskri skipasmíði áhuga. Í heimsókn forseta Íslands til Póllands árið 2020 var farið til hafnarborgarinnar Gdansk og um borð í hafrannsóknaskip í eigu Háskólans í Gdansk. Einnig skoðaði forsetinn frystimiðstöð fyrir sjávarafurðir og heimsótti rannsóknarstofu þar sem hæfarni skipa er rannsókuð með tilliti til sjólags og vinda.

5. Önnur samskipti

Utanríkisráðherra Íslands fundaði með aðstoðarforsætisráðherra Póllands í júní 2014 í Varsjá um möguleika á að efla tvíhliða samvinnu ríkjanna fyrir tilstilli Uppbyggingarsjóðs EES, einkum á sviði jarðhitanýtingar en einnig á sviði mennta- og menningarmála og rannsókna og vísinda.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Íslands og sjávarútvegsráðherra Póllands undirrituðu viljayfirlýsingu árið 2016 um eflingu tvíhliða samstarfs á sviði viðskipta, einkum í tengslum við sjávarútveg. Pólski ráðherrann heimsótti Háskólann á Akureyri og fyrirtæki í Eyjafirði og á höfuðborgarsvæðinu sem hafa tengsl eða viðskiptasambönd í Póllandi.

Í júní 2017 fundaði utanríkisráðherra Póllands með utanríkisráðherra Íslands í Reykjavík.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Íslands og sjávarútvegsráðherra Póllands funduðu 28. febrúar 2018 í Varsjá þar sem m.a. var rætt um sameiginleg verkefni á grunni yfirlýsingarinnar með stuðningi Uppbyggingarsjóðs EES. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra heimsótti íslensk fyrirtæki, skipasmíðastöðvar og hafnaryfirvöld í Gdansk við það tækifæri. Þá ræddu ráðherrarnir einnig samstarf ríkjanna á sviði sjávarútvegs, skipasmíða og möguleika til þess að efla viðskipti milli landanna. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra óskaði sérstaklega eftir stuðningi pólska ráðherrans við að lækka tolla á makríl til landa Evrópusambandsins.

Íslensk orku- og verkfræðifyrirtæki kynntu hugvit og starfsemi sína á vörusýningunni Hydro í Gdansk árið 2018.

Í apríl 2019 kom utanríkisráðherra Póllands í heimsókn til Íslands og fundaði með utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra í Hörpu. Meðal umræðuefna voru tvíhliða samskipti ríkjanna, málefni norðurslóða, Eystrasaltsráðið, útganga Bretlands úr Evrópusambandinu, öryggis- og varnarmál og mannréttindamál.

Forseti Íslands fór í opinbera heimsókn til Póllands 3.-6. mars 2020. Mennta- og menningarmálaráðherra var í föruneysi forseta ásamt sendinefnd, fulltrúa ráðuneyta, fræðasamfélags, Íslandsstofu, forsetaembættis og sendiráðsins.

Í heimsókninni undirrituðu menntamálaráðherrar landanna viljayfirlýsingu um aukið samstarf á sviði menntunar. Forsetahjónin heimsóttu meðal annars Lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu ÖSE (Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu) í Varsjá og háskólann í Varsjá þar sem forseti flutti ávarp. Forseti Íslands og forseti Póllands ávörpuðu einnig opnunarráðstefnu áætlunar um endurnýjanlega orku, umhverfis- og loftslagsmál á vegum Uppbyggingarsjóðs EES.



Mynd 8: *Jacek Czaputowicz, þáverandi utanríkisráðherra Póllands, og Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra á fundi í Höfuðborginni 2019.*

Forseti, ásamt sendinefnd, heimsótti einnig hafnarborgina Gdansk sem er Íslendingum að góðu kunn sem mikil samgöngu- og viðskiptamiðstöð. Þá heimsóttu forseti og sendinefndin tvö þekkt söfn í borginni, háskólann og skoðuðu nýtt hafrannsóknaskip í eigu Háskólans í Gdansk, frystimiðstöð fyrir sjávarafurðir og rannsóknarstofu þar sem haffærni skipa er rannsökuð með tilliti til sjólags og vinda.

5.1 Menning- og menntamál

Menningartengsl Íslands og Póllands hafa aukist á undanförunum árum enda eru Pólverjar fjölmennasti hópur innflytjenda á Íslandi. Vegna náinna tengsla Pólverja við Íslendinga er mikið um grasrótarkerfni með aðkomu listafólks. Vert að nefna að heildarfjárveiting til mennta- og menningarmálaáætlunar Uppbyggingarsjóðs EES er um 100 milljónir evra á tímabilinu fram til 2024.

Pólverjar eru almennt áhugasamir um Ísland og íslenska menningu og vilja gjarnan bjóða upp á viðburði með íslenskri menningardagskrá. Miðstöðvarnar á Íslandi styðja þessa vaxtarbrodda sem verða til og það kemur sérstaklega fram í tónlistarlífinu en á árinu 2019 voru haldnir yfir fjörutíu tónleikar íslensks tónlistarfólks í Póllandi.

Sama gildir um íslenskar kvikmyndir en þær sem ná lengst á alþjóðlegum markaði eru talsettar á pólsku. Pólland er eitt þeirra landa sem tekur þátt í samstarfi um kvikmyndaframleiðslu Íslendinga. Íslenskar kvikmyndir hafa verið sýndar á ýmsum hátíðum í Póllandi.

Pólverjar eru annáluð bókaþjóð og á undanförunum árum hafa þýðingar íslenskra fagurbókmennta yfir á pólsku aukist til muna. Um helmingur af þeim hundrað þýddu bókum sem komið hafa út á pólsku er frá árinu 2000 eða síðar. Oft og tíðum er skortur færur þýðendur flöskuháls við útgáfu íslenskra bókmennta á erlendri grundu en slíkt er ekki vandamál í tilviki Póllands enda fjölgar tvítýngdu fólki vegna þess mikla fjölda af pólskum uppruna sem býr á Íslandi. Fjöl margir íslenskir listamenn hafa tekið þátt í viðburðum í Póllandi, einkum tónlistarfólk.

Íslenskar kvikmyndir hafa verið í öndvegi á hátíðum í Póllandi, til dæmis í Gdynia og Torun. Ísland var í sérstöku heiðursæti á bókmenntahátíðinni í Gdansk 2019 og Miðstöð íslenskra bókmennta tók þátt í metnaðarfullri dagskrá þar. Vonir standa til að eftir hátíðina hafi opnast fleiri möguleikar á sviði íslenskra bókmennta.

Íslenskir listamenn í textilhönnun og vefnaði hafa í nokkur skipti tekið þátt í Triennial of Tapestry hátíðinni í Lodz.

Þá hafa verið haldnir ófáir viðburðir með pólskum listamönnum hér á landi á flestum sviðum lista, sögu og menningar. Fjöl margir pólskir listamenn búa og starfa á Íslandi og setja mark sitt á menningarlíf þjóðarinnar. Þar að auki hafa pólskir listamenn, rithöfundar og tónlistarfólk komið til Íslands gagngert til að halda sýningar og taka þátt í viðburðum eða listahátíðum.

Haustið 2020 var efnt til pólskrar listahátíðar á Austurlandi undir heitinu *Pólskt vor* á vegum menningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs. Hátíðinni var lýst þannig að um væri að ræða vettvang fyrir skapandi listir og alþjóðlegt samtal og samspil þar sem að margvísleg pólsk lifandi list fær rými og athygli gegnum ólík form. Þátttakendur voru pólskir listamenn sem búa og starfa á Íslandi.

Að auki hefur sendiráð Póllands hér á landi staðið fyrir ýmsum menningarviðburðum hér á landi, einkum og sér í lagi tónleikum og sögusýningum.

Í opinberri heimsókn forseta Íslands til Póllands í mars 2020 undirrituðu mennta- og menningarmálaráðherra og menntamálaráðherra Póllands viljayfirlýsingu íslenskra og pólskra stjórnvalda um að efla frekara samstarf landanna á sviði menntamála. Með yfirlýsingunni er lögð áhersla á að nemendur af pólskum uppruna hafi aðgang að menntun á móðurmáli sínu, hvatt er til aukins samstarfs menntastofnana og samskipta ungmenna, kennara og skólustarfsfólks. Samhliða undirrituninni var tilkynnt að pólsk yfirvöld áformi að opna pólskuskóla á Íslandi, þar sem meðal annars fari fram móðurmálskennsla fyrir pólsk-íslenska nemendur um helgar. Slík kennsla hefur verið meðal áherslumála sendiráðs Póllands á Íslandi.



Mynd 9: Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Dariusz Piontkowski menntamálaráðherra Póllands við undirritun viljayfirlýsingar um frekara menntasamstarf landanna.

5.2 Uppbyggingarsjóður EES og Pólland

Pólland fær hæst framlög allra viðtökuríkja úr Uppbyggingarsjóði EES eða ríflega 400 milljónir evra á tímabilinu 2014-2021. Fjöldmörg félagasamtök og stofnanir á Íslandi hafa tekið þátt í verkefnum í Póllandi, svo sem Rannís, Orkustofnun, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Rauði kross Íslands, Bíó Paradís og Listasafn Reykjavíkur. Á vefsíðunni data.eeagrants.org má sjá að íslenskir aðilar tóku þátt í alls 184 verkefnum á styrkveitingatímabilinu frá 2009-2017. Þar má sjá jafn ólík nöfn og Tónlistarskóla Akraness, Brúarskóla, Gaflaraleikhúsið, Reykjavíkurborg og Gluggalausnir ehf. Helstu verkefni eru á sviði umhverfis- og orkumála, loftslagsbreytinga, rannsókna, nýsköpunar, menningarmála, jafnréttismála, rannsókna og menntunar, auk stuðnings við frjáls félagasamtök.

Á nýju [Heimstorgi](#) Íslandsstofu og utanríkisráðuneytisins geta íslensk fyrirtæki meðal annars leitað sér upplýsinga um samstarfsmöguleika í gegnum Uppbyggingarsjóð EES.

Annar þáttur Uppbyggingarsjóðs EES felst í svokölluðum tvíhliða verkefnum, þar sem tvö prósent heildarupphæðar eru lögð til hliðar og eyrnamerkt tvíhliða verkefnum. Slík verkefni geta verið margvísleg, svo sem sameiginlegar málstofur, gagnkvæmar heimsóknir, útgáfa og margt annað. Tvö verkefni hafa verið sett af stað, annars vegar verkefni á sviði nýsköpunar í matvælaframleiðslu í samstarfi við Matís og samsvarandi stofnun í Póllandi. Hins vegar verkefni á sviði löggæslu í samstarfi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og pólskra lögregluvirkvalda með áherslu á baráttuna gegn skipulagðri glæpastarfsemi með fíkniefni.

Töluverður áhugi er á samstarfi við Ísland á grunni Uppbyggingarsjóðs EES til að nýta tækifæri í orkumálum, aðallega jarðhita og þá ekki síst í tengslum við hitaveitu og umhverfisvæna tækni. South Poland Clean Tech Cluster er fyrsti og stærsti klasinn um umhverfisvæna tækni í Póllandi. Íslensk og pólsk orkufyrirtæki starfa saman á þeim vettvangi, meðal annars með gagnkvæmum heimsóknunum og kynningum. Ný áætlun Uppbyggingarsjóðs EES um endurnýjanlega orku, umhverfis- og loftslagsmál var hleypt af stokkunum á ráðstefnu í Varsjá í Póllandi 3. mars 2020, með þátttöku forseta Póllands og Íslands, auk ráðherra frá Póllandi, Íslandi og Noregi. Þetta er fyrsta áætlun um loftslags-, umhverfis- og orkumál í Póllandi á vegum Uppbyggingarsjóðs EES. Um er að ræða stærsta einstaka fjárframlagið á sviði loftslags-, umhverfis- og orkumála innan EES. Að meðtöldu móttframlagi Póllands og viðbótarstuðningi sem gert er ráð fyrir með tengdri lánsfjármögnun nemur heildarfjárhæð áætlunarinnar um 280 milljónum evra fram til 2024. Áætlunin felur í sér stuðning á þremur megin sviðum:

- Endurnýjanleg orka, orkunýtni, orkuöryggi
- Mótvægisáðgerðir og aðlögun vegna loftslagsbreytinga
- Verkefni um umhverfi og vistkerfi

Áhersla er einnig lögð á tilraunaverkefni um hringrásarhagkerfi og notkun lífmassa í orkumálum.

Áhersluatriði sjóðstímabilsins 2014–2021 eru meðal annars að draga úr koltvísýringslosun og auka orkunýtingu, efla og styrkja samstarf á sviði rannsókna, nýsköpunar og viðskipta, efla og styrkja samstarf við smærri og meðalstór fyrirtæki, styðja við frjáls félagasamtök, styðja umbætur á fangelsum og styrkja réttarríkið.

Ljóst er að föst viðvera Íslands í Póllandi myndi stórauka möguleika íslenskra aðila á verkefnum á vegum Uppbyggingarsjóðsins í samfloti með pólskum samstarfsaðilum. Akurinn til sóknar í þeim efnum er bæði stór og lítt plægður.

Að síðustu má minna á að gert er ráð fyrir að á haustmánuðum 2021 hefjist samningaviðræður milli ESB og framlagaríkanna þriggja, Íslands, Noregs og Liechtenstein um framlög á árabílinu 2021–2028 (sem væntanlega gæti staðið til 2031). Ekkert liggur enn fyrir um hvort slíkir samningar muni nást, fjárhæð framlaga eða endanlegar áherslur en óþarft er að fjölyrða um mikilvægi þess fyrir Ísland að setja efnahags- og viðskiptatengsl landsins við Pólland í beint samhengi við þau áherslusvið sem og forgangsverkefni sem þá yrðu ákveðin.

5.3 Áhrif heimsfaraldursins

Ísland og Pólland, líkt og önnur lönd, hafa ekki farið varhluta af heimsfaraldri kórónuveirunnar. Í ljósi þeirra áhrifa sem heimsfaraldurinn hefur haft á íslenskt samfélag þykir rétt að benda á nokkur atriði sem tengjast samskiptum Íslands og Póllands.

Heimsfaraldurinn hefur beint kastljósinu að mikilvægi heilbrigðis- og lýðheilsamála í heiminum og áhrifum farsóttarinnar á alþjóðleg samskipti og -viðskipti. Þegar samgangur milli þjóða er mikill, líkt og í tilviki Íslands og Póllands, er mikilvægt að samhæfing og upplýsingagjöf sé skýr. Stjórnvöld þurfa að geta komið á framfæri upplýsingum um lýðheilsumál og aðgerðir til að styðja við sóttvarnir með beinum hætti. Sérstaklega þarf að sinna upplýsingagjöf til fólks sem ekki hefur íslensku að móðurmáli og upplýsa það um viðbrögð og aðgerðir stjórnvalda á viðsjárverðum tímum. Viðbrögð sumra fjölmiðla hérlandis hafa meðal annars verið þau að bæta fréttáflutning á pólsku. Slíkt hefur haft jákvæð áhrif á upplýsingagjöf til almennings og styrkt tengsl pólskra borgara á Íslandi við sitt nærsamfélag.

Ferðabjónustan og tengdar greinar urðu fyrir miklu áfalli í faraldrinum og í upphafi hans kaus hluti þeirra Pólverjar sem störfuðu í þessum greinum að flytja aftur til Póllands. Hins vegar vakti athygli, rétt eins og í efnahagshruninu 2008, að langstærstur hluti þessa hóps hafði fest rætur á Íslandi með fjölskyldu sinni og hélt því kyrru fyrir. Það vekur einnig sérstaka athygli að beint flug milli Íslands og Póllands hefur haldist gegnum allan faraldurinn. Þess er því að vænta nú, rétt eins og eftir efnahagshrunið, að fólk af pólskum uppruna leggist á eitt með öðrum landsmönnum við að byggja upp íslensks efnahagslíf eftir faraldurinn og að búast megi við að stór hópur fólks af pólskum uppruna velji sér búsetu og líf á Íslandi til langframa.

6. Tillögur um aðgerðir

Í skilgreiningu á verkefnum starfshópsins er honum gert að koma með tillögur að aðgerðum og verkefnum sem ráðast má í á næstu árum með það fyrir augum að styðja enn frekar við samskipti Íslands og Póllands.

6.1 Tillögur til að festa betur í sessi stjórnmalasamband Íslands og Póllands og tvíhliða samskipti ríkjanna

Starfshópurinn telur mikilvægt að styðja frekar við störf sendiráðs Íslands í Berlín, sem jafnframt er sendiráð gagnvart Póllandi. Sendiráð Póllands hefur starfað á Íslandi síðan 2013, en fyrsti sendiherrann tók til starfa 2018, og því er ekki gagnkvæmni þar á milli í samræmi við 2. gr. Vínarsamningsins um stjórnmalasamband sem kveður á um að stofnun fastra sendiráða fari fram með gagnkvæmu samkomulagi.

Tillaga 1. Opnun sendiskrifstofu

Gagnkvæmni er óskráð grundvallarregla í diplómátskum samskiptum ríkja. Það er fágætt, sér í lagi innan Evrópu, að sendiráð séu stofnuð án þess að móttökuríki sendiráðs opni í framhaldinu sendiráð í viðkomandi ríki. Pólsk stjórnvöld hafa nokkrum sinnum innt íslensk stjórnvöld eftir afstöðu þeirra til hugsanlegrar stofnunar sendiskrifstofu í Varsjá. Að mati starfshópsins væri það mikil afturför í samskiptum ríkjanna ef Pólland myndi loka sendiráði sínu í Reykjavík vegna skorts á gagnkvæmni. Starfshópurinn leggur því til að sendiskrifstofa verði opnuð í Varsjá. Helstu rökin til viðbótar gagnkvæmnisrökunum er mikilvægi þess að hlúa að þeim miklu og vaxandi tengslum sem eru á milli ríkjanna á efnahags- og menningar sviðinu og til að nýta betur þá fjármuni sem standa íslenskum aðilum til boði í gegnum áætlanir Uppbyggingarsjóðs EES. Þar eru mikil tækifæri ónýtt til að styrkja tvíhliða samskipti landanna á öllum sviðum.

Tillaga 2. Útibú frá sendiráðinu í Berlín, diplómátskur starfsmaður, aðalræðismaður, kjörræðismaður í Gdansk

Annar möguleiki sem starfshópurinn leggur til er að einn af útsendum starfsmönnum sendiráðs Íslands í Berlín hafi reglubundna viðveru í Póllandi. Þannig væri mögulegt að nýta í það minnsta einhver þau tækifæri sem rakin eru að ofan þótt að sú lausn fæli ekki í sér fullkomna gagnkvæmni gagnvart Pólverjum. Starfshópurinn leggur áherslu á að kostnaðar- og raunhæfismat fari fram og að kannað verði hvort að slík lausn sé möguleg og hver ábatinn af henni væri í samanburði við að opna sendiskrifstofu.

Þá ætti einnig að huga að þeim möguleika að endurvekja stöðu aðalræðismanns í Póllandi. Slík staða var til staðar á árum áður auk þess sem Pólland var lengi vel með aðalræðismann á sínum snærum á Íslandi áður en sendiráð Póllands var opnað.

Jafnframt leggur starfshópurinn til að áréttað verði við pólsk stjórnvöld að þau samþykki stöðu kjörræðismanns í Gdansk, en það myndi styrkja hagsmunagæslu Íslands og Íslendinga í Póllandi.

Tillaga 3. Starfsmaður í sendiráðinu í Berlín

Enn einn möguleikinn sem starfshópurinn leggur til í þessu sambandi er að skoðað verði að efla starf viðskiptafulltrúa sendiráðsins í Berlín með tilliti til Póllands. Þá mætti einnig hugsa sér að tilteknum starfsmanni sendiráðsins verði gert kleift að vinna að málefnum Póllands að stórum hluta til eða alfarið. Sá gæti komið úr röðum útsendra starfsmanna ráðuneytisins sem gæti aflað sér sérþekkingar og haft viðveru í Póllandi hluta úr ári eða í nokkur skipti yfir árið til skamms tíma í senn.

Að lágmarki telur starfshópurinn að styrkja starfsemi sendiráðs Íslands í Berlín gagnvart Póllandi.

6.2 Tillögur til að auka samskipti ríkjanna

Tillaga 1. Styðja við aukin milliríkjaviðskipti og starfsemi Pólsk-íslenska viðskiptaráðsins

Pólsk-íslenska viðskiptaráðið var stofnað árið 2019. Með tilkomu þess má ætla að mörg tækifæri geti skapast á sviði viðskipta og efnahagssamstarfs. Áhuginn er mikill og fer vaxandi hjá báðum aðilum. Utanríkisráðuneytið ætti að styðja við starfsemi viðskiptaráðsins, meðal annars með árlegu tvíhliða efnahags- og viðskiptasamráði og með tengingu við viðburði á vegum viðskiptaráðsins með virkri þátttöku kjörræðismanna Íslands í Póllandi.

Fjöldi stórra íslenskra fyrirtækja hefur hafið starfsemi í Póllandi eða er komin með samstarfsaðila þar í landi. Uppbyggingarsjóður EES skapar íslenskum fyrirtækjum, samtökum og stofnunum fjölmarga möguleika til sameiginlegra verkefna og markaðssóknar. Mikilvægi Póllands sem viðskiptaríkis fer vaxandi og því er vert að huga sérstaklega að því hvernig utanríkisþjónustan getur þjónað íslenskum hagsmunum þar sem best. Á meðan sendiskrifstofa hefur ekki verið opnuð í Varsjá er lagt til að stutt verði við starf og hlutverk viðskiptafulltrúa Íslands í sendiráði Íslands í Berlín, þannig að staðarþekking aukist og áreiðanlegar rauntímaupplýsingar fái til þess að hægt sé að áætla eða sjá fyrir þá þjónustu sem íslenskt viðskiptalíf þurfi á að halda í Póllandi.

Tillaga 2. Styðja við aukið samstarf á sviði sjávarútvegs

Ljóst má vera af opinberum samskiptum Íslands og Póllands á síðustu árum að mikill áhugi er á samstarfi á sviði sjávarútvegs. Nýleg dæmi um opinber samskipti þar sem sjávarútvegsmál voru að einhverju leyti í öndvegi eru heimsókn forseta Íslands til Póllands og nýlegar gagnkvæmar heimsóknir sjávarútvegsráðherra landanna.

Tillaga 3. Blása til sóknar í verkefnum á vegum uppbyggingarsjóðs EES

Að mati starfshópsins er afar mikilvægt að huga enn frekar að virkari þátttöku Íslands í verkefnum á vegum Uppbyggingarsjóðs EES. Pólland fær hæst framlög allra viðtökuríkja úr sjóðnum. Hér liggja mikil sóknarfæri fyrir íslenska aðila. Til samanburðar eru Norðmenn með einn starfsmann sem sérhæfir sig eingöngu í málefnum sjóðsins auk þess sem talsverður hluti af starfi sendiherrans fer í að aðstoða norska aðila við tengslamyndun sem nýtist við verkefnaöflun.

Starfshópurinn varð þess áskynja að talsverður áhugi er á starfi Uppbyggingarsjóðs EES á sviði orkumála, ekki síst hitaveitu og í umhverfissvænni tækni. Heildarframlag framlagaríkjana til þeirra mála á núverandi sjóðstímabili nemur 140 milljónum evra, en 280 milljónum ef talin eru með móttframlög Póllands og möguleg lánsfjármögnun til verkefna. Hefur Orkustofnun verið virkur tengiliður við Uppbyggingarsjóðinn og Pólland á sviði jarðvarma.

Starfshópurinn telur að skýr áhersla ætti að vera á að nýta áætlun sjóðsins um endurnýjanlega orku og umhverfis- og loftslagsmál. Þá ætti utanríkisþjónustan að huga sérstaklega að samningsferli varðandi næsta fjármögnunartímabili, en verkefnum á núverandi tímabili þarf að vera lokið fyrir 2024.

Jafnframt hefur verið mikil sókn í samstarf á sviði mennta- og menningarmála með Pólverjum eru sterk tengsl á milli landanna á þeim sviðum. Sem fyrr segir eru framlög Uppbyggingarsjóðsins til þessara málaflokka um 100 milljónir evra á yfirstandandi tímabili. Rannís starfar með Uppbyggingarsjóðnum að framkvæmd á 20 milljón evra menntaáætlun sjóðsins í Póllandi. Í fyrra kalli sjóðsins í Póllandi voru íslenskir samstarfsaðilar þátttakendur í nítján verkefnum að upphæð 1,1 milljón evra en heildarumfang úthlutunarinnar nam ríflega 7,2 milljónum evra. Seinna kalli menntaáætlunarinnar lauk vorið 2021 og nemur heildarfjármagn væntanlegrar úthlutunar um 14,4 milljónum evra. Íslenskir aðilar brugðust mjög vel við kallinu og er útlit fyrir að 83 umsóknir sem þeir eiga þátt í hljóti styrki. Þessi góða þátttaka Íslands í menntaáætluninni í Póllandi veitir íslenskum menntastofnunum, fyrirtækjum, sveitafélögum og öðrum mikilvæg tækifæri til starfs- og iðnnáms auk menntamála almennt til frambúðar.

Rík menningartengsl eru á milli Íslands og Póllands og því eru líka mikil tækifæri fólgin í 75 milljóna evra menningaráætlun Uppbyggingarsjóðsins í Póllandi á núverandi tímabili. Talsverður áhugi hefur verið á þessu málsviði en á fjórða tug íslenskra aðila hefur nú þegar tekið þátt í verkefnaumsóknum með pólskum samstarfsaðilum undir menningaráætluninni.

Þá er einnig mikilvægt, að mati starfshópsins, að huga að verkefnum sem styðja við starf frjálsra félagasamtaka í Póllandi en Mannréttindaskrifstofa Íslands er tengiliður sjóðsins hér á landi. Sem fyrr segir eru heildarframlög sjóðsins til frjálsra félagasamtaka 57 milljónir evra. Í gegnum sjóðinn hefur utanríkisþjónustan tækifæri til þess að koma á framfæri sjónarmiðum íslenskra stjórnvalda á þessu sviði en mannréttindi og mannfrelsi eru grundvallarstef í íslenskri utanríkisstefnu.

Tillaga 4. Jarðvarmaverkefni

Líkt og fyrr greinir eru nú þegar verkefni í gangi á sviði orkumála og jarðvarma í Póllandi. Þar eru einkum lághitasvæði sem þó er hægt að nýta. Útflutningur á íslensku hugviti og verkþekkingu er nú þegar hafinn en ljóst má vera að slík verkefni geta verið afar hagstæð íslensku viðskiptalífi, sérstaklega þegar þau eru innan Evrópu. Afar mikilvægt er að utanríkisþjónustan fylgist grannt með slíkum tækifærum og leitist eftir því að aðstoða eftir þörfum og beiti áhrifum sínum á vettvangi Uppbyggingarsjóðs EES til að greiða fyrir verkefnum á þessu sviði.

Tillaga 5. Aukið samstarf á sviði öryggis- og varnamála og Schengen

Ísland og Pólland eiga að mati starfshópsins töluverða samleið á sviði öryggis- og varnamála. Huga mætti að auknu samstarfi bæði innan alþjóðlegra stofnana svo sem Atlantshafsbandalagsins, þar sem Pólland hefur látið til sín taka, eða á tvíhliða grunni, s.s. loftrýmisgæslu, en Pólland hefur tekið þátt í slíkum verkefnum, bæði hér á landi og annarsstaðar í Evrópu (t.d. í Eystrasaltsríkjunum). Samráð á þessum vettvangi felur í sér tækifæri til að auka enn samskipti ríkjanna á forgangssviði í utanríkisstefnu Póllands. Bæði ríkin eru útverðir Schengen-svæðisins og gegna því lykilhlutverki hvort á sínum jaðri. Landamæravarsla er báðum ríkjunum mikilvæg og með almennri eflingu landamæravörslu í Evrópu hefur aldrei verið mikilvægara að eiga góð samskipti við þau ríki sem einnig stunda eftirlit á ytri landamærum Schengen-svæðisins.

Tillaga 6. Samstarf á sviði mennta- og menningarmála styrkt

Samstarf á sviði menningar- og menntamála er mikilvægur þáttur í utanríkisstefnu Íslands. Í ljósi þeirra yfirlýsinga sem mennta- og menningarmálaráðherra undirritaði í mars 2020 telur starfshópurinn þýðingarmikið að utanríkisþjónustan móti framtíðarsýn í þessum málum í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Búseta og samfélagsþátttaka fólks sem flust hefur til Íslands frá Póllandi hefur veruleg áhrif á menningarlíf Íslands. Það er því mikilvægt að íslenska utanríkisþjónustan vinni enn frekar að stuðningi við menningarsamstarf þjóðanna.

Menntun pólskra ríkisborgara og Íslendinga sem eru af pólsku bergi brotnir og búa hér á landi skapar tækifæri til aukinna samskipti milli ríkjanna, dregur úr hættu á félagslegri einangrun og styrkir möguleika fólks til virkrar samfélagsþátttöku. Með því er líka lagður grunnur að því að fólk af pólskum uppruna á Íslandi tengist jafnt sínu nýja heimalandi og upprunalandinu tryggðaböndum og geti þannig stutt við margháttuð vina, efnahags-, viðskipta- og menningartengsl sem styrkja bæði ríkin. Hlúa þarf að og rækta slík tengsl, enda nýtast persónuleg tengsl til þess að bæta milliríkjasamskipti og styrkja efnahagsþróun með fjölbreyttum hætti. Slíkt mætti einnig gera með því að styðja við og styrkja þjóðvinafélög bæði hér á landi og í Póllandi.

Tillaga 7. Mannréttindi

Að mati starfshópsins er mikilvægt að með auknum samskiptum sé haldið fast í grunnstoðir íslenskrar utanríkisstefnu um mannréttindi og virðingu fyrir þeim. Ísland hefur þar staðið vörð um grunnildi á vettvangi Uppbyggingarsjóðs EES, þar sem stór hluti verkefna snýr að því að styðja við mannréttindi og grundvallaratriði lýðræðislegs stjórnarfars og með þeim áherslum sem lagðar hafa verið af Íslands hálfu á vettvangi Eystrasaltsráðsins. Áfram þarf að gæta þess að þátttaka Íslands í viðskipta- og menningarverkefnum í Póllandi byggist ávallt á þessum grundvallarsjónarmiðum.

Tillaga 8. Aukið samráð á sviði heilbrigðismála

Að teknu tilliti til þess hversu margir Pólverjar og einstaklingar af pólsku bergi brotnir búa á Íslandi þykir rétt að hugað verði sérstaklega að þessum hópi þegar óvissuástand líkt og heimsfaraldur skapast. Mikilvægt er að utanríkisþjónustan skipuleggi upplýsingagjöf og samráð við önnur ríki eins og Pólland. Starfshópurinn telur að aukið samráð milli Íslands og Póllands á sviði heilbrigðismála, sóttvarna og samgangna gæti skipt miklu fyrir þær þúsundir Pólverja sem hér búa, skapist álíka ástand í framtíðinni.

VIÐAUKI I

Helstu alþjóðastofnanir og –samtök sem Pólland er aðili að:

- Sameinuðu þjóðirnar
- Evrópusambandið
- Evrópuráðið
- Atlantshafsbandalagið
- Eystrasaltsráðið
- Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu
- Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn
- Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin
- Alþjóðaviðskiptamálastofnunin
- Alþjóða Rauði krossinn.

Loftslagsráðstefnan COP24 var haldin í borginni Katowice í Póllandi í desember 2018. Pólland átti sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna 2018-2019.

Helstu alþjóðasamningar sem Pólland er aðili að:

- Fríverslunarsamningur við EFTA
- Fríverslunarsamningur við CEFTA
- Fríverslunarsamningur við Tyrkland
- Fríverslunarsamningur við Eystrasaltsríkin
- Parísarsamkomulagið um loftslagsmál (2016)
- Menningarsamningar við nokkur, ríki þ.á m. við Þýskaland
- Tvíhliða fjárfestingasamningar við yfir 60 ríki
- Samkomulag við Bandaríkin um stöðu hersins í Póllandi (Status of Forces, 2009)


VIÐAUKI II

Yfirlit um vöruviðskipti:

*Allar tölur í millj.kr.

Tafla 1 Vöruviðskipti 2000-2020

	Útflutningur	Innflutningur
2000	409,9	2.888,0
2001	1.035,5	1.820,0
2002	1.326,0	1.346,2
2003	1.120,7	1.903,7
2004	2.394,6	2.119,1
2005	3.983,9	4.799,5
2006	1.900,7	4.718,7
2007	1.909,4	7.305,5
2008	3.545,2	7.072,6
2009	5.321,2	5.257,6
2010	6.306,7	5.876,6
2011	7.530,7	10.972,5
2012	9.158,3	7.167,1
2013	7.645,8	9.778,1
2014	4.723,7	9.873,8
2015	3.401,1	13.231,2
2016	8.372,7	14.132,5
2017	6.413,5	20.086,2
2018	9.337,1	19.209,6
2019	13.690,1	24.305,6
2020	15.788,4	20.935,4




Heimild: Hagstofa Íslands

Yfirlit um þjónustuviðskipti við Pólland

*Allar tölur í millj.kr.

Tafla 2 Þjónustuviðskipti 2009-2019

	Útflutningur	Innflutningur
2009	1.422,8	1.003,3
2010	2.057,5	1.195,7
2011	2.138,2	1.435,0
2012	2.098,6	1.780,2
2013	1.731,0	2.603,1
2014	1.726,2	2.021,4
2015	1.804,5	2.572,2
2016	2.362,3	4.519,9
2017	2.774,9	6.543,1
2018	3.296,1	9.504,8
2019	3.435,3	11.359,6



Heimild: Hagstofa Íslands

VIÐAUKI III

Pólsk fyrirtæki með starfsemi á Íslandi (ekki tæmandi)

- [Artistant](#) - vefverslun
- [C is for Cookie Reykjavík](#) -- kaffihús
- Dufthylki - prentara og prentvörur
- Grill Kebab - veitingastaður
- [Iceland Car Rental](#) – bílaleiga
- [Júbí](#) - pólskar verslanir í Reykjavík og Reykjanesbæ.
- [Kjötþol](#) – framleiðsla á kjötvörum
- [Mini Market](#) - pólsk matvöruverslun í Reykjavík og Reykjanesbæ.
- [Perfect Lady](#) – snyrtistofa
- [Retor](#) - tungumálaskóli.
- [Stanisław Bartoszek](#) - dómtúlkur og skjalaþýðandi.

Íslensk fyrirtæki með starfsemi í Póllandi (ekki tæmandi)

Samherji vinnur að verkefnum í sjávariðnaði í gegnum dótturfélagið Atlantex en Boguslaw Szemioth, ræðismaður Íslands í Varsjá, er framkvæmdastjóri þess. Fyrirtækið Arctic Navigations í Gdynia er rekið í náinni samvinnu við Samherja. Í samvinnu við Klossterboer (Holland) opnaði North Atlantic Producers Organization nýja kæligeymslu (e. coldstore) í Gdansk árið 2014 með með 20 þúsund tonna geymslurými. Umfang verkefnisins er um 15 milljónir evra en það var endurfjármagnað af ESB. Geymslan er vel staðsett í hjarta fiskframleiðslu Póllands við hlið gámahafnar danska flutningafyrirtækisins Maersk. Eimskip og Samherji/Atlantex njóta góðs af þessari nýju aðstöðu og láta vel af rekstrinum. Nokkur íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru í útflutningi til Póllands, ýmist beint eða gegnum skrifstofur í Þýskalandi eða Evrópu, eða umboðsmenn í Póllandi, eins og t.d. Iceland Pelagic með umboðsaðila í Gdynia. Marel, sem er leiðandi í framleiðslu vinnsluvéla fyrir fisk og kjöt, er með skrifstofur í Varsjá og hefur vaxið um sem nemur yfir 30% á ári sl. ár en flestir viðskiptavinir fyrirtækisins starfa við kjötvinnslu (aðallega er um að ræða vinnsla á alifugli) og fiskiðnaði. Eimskip opnaði skrifstofu í mars 2013 í Gdynia. Samskip Logistics er með skrifstofu í Gdansk. Icelandair vinnur með GSA, sem er með skrifstofur í Varsjá. Verkfræðifyrirtækið Efla og systurfyrirtæki þess í Póllandi, Ispol í Lodz, eru með viðskipti í Póllandi með áherslu á þekkingariðnað og þjónustu við rekstur háspennulína. Efla og Ispol vinna að nokkrum slíkum verkefnum í suður- og austurhluta landsins. Verkís er með skrifstofur í Lodz en Mannvit stýrir aðgerðum í mið austur-Evrópu frá Ungverjalandi. GTN, tengt Mannviti í Þýskalandi, eru með einhverja starfsemi í norðurhluta Póllands. Samskip Logistics hóf starfsemi í Gdansk í desember 2016.

